

Aðalfundur GFFÍ.

Fundartími:	Fimmtudag 3. mars 2022 kl. 12:30
Fundarstaður:	Hótel Natura Reykjavík, og í fjarfundarbúnaði.
Framhaldsaðalfundur:	Þriðjudag 22. mars kl 20:00-21:30 í fjarfundarbúnaði
Fulltrúar í sal.	Anna María Flygenring, Helena Hólm, Guðni Indriðason, Gunnar Helgason, Magnús Kristjánsson, Stefanía Sigurðardóttir
Í fjarfundarbúnaði.	Bettina Wunsch, Guðrún Lárusdóttir, Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir, Stefanía Hjördís Leifsdóttir, Jóhannes H Ríkharðsson, Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Halla Steinólfsdóttir, Ólafur Dýrmundsson og Sif Matthíasdóttir
Í fjarfundarbúnaði 22.3.	Anna María Flygenring, Anna María Lind Geirsdóttir, Helena Hólm, Stefanía Sigurðardóttir, Bettina Wunsch, Guðrún Lárusdóttir, Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir, Jóhannes H Ríkharðsson, Ólafur Dýrmundsson, Eydís Rós Eyglóardóttir, Brynjar Þór Vigfússon og Þorsteinn Þorsteinsson.
Fundarstjórn:	Anna María Lind Geirsdóttir
Fundarritari:	Hafliði Halldórsson

Dagskrá 3. mars:

1. Fundarsetning, kosning starfsmanna fundarins
2. Skýrsla stjórnar GFFÍ og ársreikningar félagsins
3. Samþykktir GFFÍ, breytingartillaga
4. Árgjald
5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga
6. Tillaga Sifjar Matthíasdóttur um Hollvinafélag GFFÍ
7. Önnur mál

Dagskrá framhaldsaðalfundar 22. mars

3. Samþykktir GFFÍ
4. Árgjald
5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga
6. Tillaga Sifjar Matthíasdóttur um Hollvinafélag GFFÍ
7. Önnur mál

1. Fundarsetning, kosning starfsmanna fundarins

Formaður búgreinadeildar geitfjarræktar BÍ, Anna María Flygenring setti fundinn kl. 15:35. Tillaga um fundarstjóra, Önnu Maríu Lind Geirsdóttur var samþykkt samhljóða. Tillaga um fundarritara, Hafliða Halldórsson var samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar GFFÍ og ársreikningar félagsins

Formaður, Anna María Flygenring flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og gjaldkeri, Guðni Indriðason kynnti ársreikning vegna 2021. Skýrslan og ársreikningur var samþykkt samhljóða, utan þess að gjaldkeri sat hjá við afgreiðslu reikningsins.

Ársskýrsla Geitfjárræktarfélag Íslands 2021- 2022 á Hótel Natura 3.mars 2022 á 31. aðalfundi GFFÍ

Stjórnin var skipuð eftirfarandi: Anna María Flygenring formaður. Aðrir í stjórn voru Guðni Ársæll Indriðason gjaldkeri, Þorsteinn E. Þorsteinsson ritari, Birna K. Baldursdóttir og Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir. Varamenn voru Bettina Wunsch og Sif Matthíasdóttir. Um heimasíðu sá Anna María Lind Geirsdóttir eins og fyrri ár. Kunnum við henni bestu þakkir fyrir.

Fjöldi geita eru samkv. Mælaborði landbúnaðarins 1620 geitur á 119 búum, hefur reyndar ekki verið uppfærður fjöldi um síðustu áramót. Hafrastöðin er starfrækt í nýja húsnæðinu á Hvanneyri og vísast til skýrslu Birnu K. Baldursdóttur um þá stöð og notkun sæðis frá stöðinni. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu <http://gffi.geit.is/>

Vegna ástands í sóttvarnarmálum sem allir þekkja hefur mikil breyting verið á starfinu, fundir hafa allir verið haldnir á Zoom. Fyrir utan stjórnarfund, sem voru fjórir, hefur mikill tími farið í aðra fundi sem tengjast ferlinu við breytingar á félagskerfi BÍ og önnur samskipti við BÍ. Má segja að aðalstarf formanns og stjórnar hafi verið að lesa yfir skjöl. Ekki tókst að hafa skipulagðan Dag geitarinnar enda ástand í Covid 19 málum þannig að ekki var mögulegt að skipuleggja viðburði.

Á aðalfundinum sem haldinn var 19.maí 2021 voru gestir með erindi. Óli Þór Hilmarsson og Ólafur Reykdal hjá Mátis, og Dominique Pledél Jónsson frá Slow Food. Óli Þór hóf umræðu um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum. Sagði hann að erfitt yrði að uppfylla öll skilyrði sem reglugerðin setur. Ólafur Reykdal minnti á fólk á að sækja mætti um til Matvælasjóðs og bauð fram krafta þeirra Mátis fólks til þess. Dominique tók til máls og sagði frá Slow Food samtökunum. Geitahald á Íslandi fellur vel að samtökunum, kjötframleiðslan samræmist vel og búið er að fá undanþágu frá Slow Food um notkun fram á næsta ár fyrir ostana, það er að gerilsneydd mjólk er leyfð um sinn. Hún hvetur okkur til að þrýsta á stjórnvöld að leyfa notkun ógerilsneyddrar mjólku til ostaframleiðslu undir merkjum Slow Food. Framleiðslureglur eru tilbúnar og framleiðendur þurfa skrifa undir 2 skjöl til að þetta gangi og þeir geti byrjað.

Framgangur þessa máls hefur tafist af ýmsum ástæðum en er á lokametrunum er þetta er ritað. Mest um vert er að fá undanþágu með ógerilsneydda mjólk og heimatilbúna gerla til geitaostaframleiðslu ef Slow Food á að samþykkja geitina okkar inn. Þetta var rætt á fundi 9.febrúar við Svandísi Svavarsdóttur Matvælaráðherra og var vel tekið í erindið. Einnig var fleira rætt en punktar frá þeim fundi eru :

Fundur með Svandísi Svavarsdóttur Matvælaráðherra þ. 9.febr. 2022 kl. 9.30, á Teams.

GFFÍ eða Geitfjárræktarfélag Íslands varð 30 ára á síðasta ári, stofnað af hugsjóna-og áhugafólki um íslensku geitina, og til að koma í veg fyrir útdauða hennar. Á mörgum árum tókst þessu fólki að bæta stöðuna, og koma fjölda í stofninum uppá við. Þó eru aðeins

rúmlega 1620 geitur á vetrarfóðrum ennþá (vantar uppfærslu á mælaborð landbúnaðarins). Það eru alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að um verndun búffárkynja og okkur ber skylda til að varðveita okkar kyn á Íslandi. Ekkert kyn er þó í hættu í dag nema geitin.

- Það er mikil hættu fyrir stofninn ef áföll verða, t.d. er niðurskurður á geitum vegna riðu í sauðfé mikil áhætta. Miklar arfgerðarrannsóknir hafa verið í gangi núna á síðustu mánuðum í sauðfénu, vegna frábærs framtaks Karólinu í Hvammshlíð, sem bauð okkur geitabændum að taka þátt og fengum við að senda 145 sýni til greininga hjá sama aðila í Þýskalandi. Eftir opinn fund með Gesine og Karólinu kom fram mikill áhuga á að greina allan stofninn, hann er nú ekki svo stór! Meðmæltur því er Þorsteinn Ólafsson dýralæknir og mikill geitaáhugamaður. Til þessa verkefnis vantar fjármagn sem við sækjum um til ráðuneytis þessa nýja Matvælaráðuneytis. Við óskum eftir stuðningi við áframhaldandi rannsóknir, svo að vitað sé með vissu hvers vegna geitur hafa ekki greinst með riðu á Íslandi en þær hafa greinst víða erlendis.
- Okkur er ljóst að búvörusamningur er í gildi en það stýttist í endurskoðun hans. Það verður á vegum Bændasamtaka Íslands og nú er GFFÍ orðin deild geitfjárræktenda eftir breytingar á félagskerfi BÍ. Við munum auðvitað sækja okkar mál þar, en finnst rétt að láta vita af því að það sem greitt er núna í gegnum samninginn hefur rýrnað mjög, og auk þess eru fleiri aðilar núna með geitarækt og þar af leiðandi minnkar hlutur hvers og eins. Framundan eru gríðarlegar hækkanir á öllu, áburði og aðföngum og það mun bitna á geitfjárrækt eins og öllum búgreinum. Hver og ein geit þarf kannski ekki mikið en þegar verið er að byggja upp grein sem hefur átt erfitt lengst af, má lítið út af bera.
- Til að framleiða kjöt þarf sláturhús. Þau hafa verið geitabændum all erfið á þann hátt að t.d. hækka heimtökugjald í miðri sláturtíð, skemma og jafnvel týna skrokkum, taka geitur bara ákveðna tvo daga á hausti (Þetta á við SS). Auk þess taka þau ekkert geitakjöt í sölu en það gera þau við alla aðra kjötframleiðslu. Auðvitað er gott að hafa beint samband við neytandann, en það eru ekki allir sem geta lagt í kostnað við frystigeymslur og kjötvinnslur. Þetta er til upplýsingar fyrir Matvælaráðuneytið en ekki er ljóst hvernig taka mætti á þessum vanda.
- GFFÍ telur að breyta verði reglugerð um heimildir til framleiðslu geitaosta úr ógerilsneyddri mjólk til að uppfylla skilyrði Slow food samtakanna. Unnið hefur verið að því að þau taki íslensku geitina inn sem verðmæta búffártegund og þá setja samtökin ströng skilyrði um dýravelferð og framleiðsluferli séu sem náttúrulegust.

Kjötmatið er nú loks í höfn og samþykkt af ráðuneytinu. Í reglum um matið kemur m.a. fram að merkja skal ógeld hafurskið sem fullorðin ef þau eru eldri en 6 mánaða.

Karólína í Hvammshlíð sem margir þekkja nú orðið í sambandi við riðurannsóknir í sauðfé var geitabændum líka innan handar. Hún tók all mörg sýni á bæjum norðanlands í júní, Birna K. Baldursd. og Jóhanna B. tóku sýni á vesturlandi og Anna María formaður tók sýni á nokkrum bæjum á suðurlandi. Guðný Stefania Tryggvadóttir var með í för og tók myndbönd sem hún vann síðan í eitt kynningarmyndaband við geitur. Hún gerði einnig myndband um kemberingar geita og vinnslu á fiðu. Anna María Lind Geirsdóttir kenndi og notast við geiturnar í Hlíð. Myndbandið var að hluta notað á rafrænu sumarnámskeiði sem haldið var á vegum landbúnaðarháskólans og menntamálaráðuneytis, en það niðurgreiddi námskeiði fyrir þátttakendur mikið. Kennari var Birna K. Baldursdóttir og henni til aðstoðar við hluta

námkeiðsins voru Anna María Flygenring, Jóhanna B. Þorvaldsd.og Guðni Á.Indriðason. Þátttaka var all góð.

Sótt var um styrk til erfðanefndar landbúnaðarins til sýnatökunnar og fékkst sá styrkur, þer að þakka það hér og nú.

Í byrjun árs 2022 hélt þýski riðusérfræðingurinn Próf. dr. Gesine Lühken, sem er einn stjórnandi alþjóðlega rannsóknarhópsins í kringum riðuveiki í sauðfé, fræðslufund á vegum Geitfjárræktarfélag Íslands. Karólína Elísabetardóttir túlkaði. Með styrknum sem getið var hér að ofan frá Erfðanefnd landbúnaðarins höfðu verið raðgreind sýni úr 145 geitum frá 10 búum víðs vegar um landið sem nemur um 10 % íslenska geitastofnsins. Á fundinum kom fram að verndandi arfgerðir(breytileikar í prionpróteininu) varðandi næmi fyrir riðusmiti séu D146, S146 og K222 í geitfé- ólíkt sauðfé.

Í þessum geitum sem skoðaðar voru núna fannst hins vegar einungis einn breytileiki í sætinu138 sem er „þögull“, þ.e. amínósýran sem breytist er öðruvísi samansett en er samt sama amínósýran og áður. Þess vegna er ólíklegt að hann hafi áhrif á næmi fyrir riðusmiti. Helmingur rannsakaða geita er með þennan breytileika S138S, þar af 8 % í arfhreinu formi. Til þessa hefur aldrei greinst riða í íslenskum geitum en þær eru samt skornar niður ef upp kemur riða í sauðfé á sama bæ. Það var tilfellið haustið 2020, þegar u.þ.b. 40 geitur urðu niðurskurði að bráð á Grænumýri í Skagafirði.

Á fundinum, sem fór fram á Zoom, tóku einnig þátt fulltrúar úr sauðfjárræktinni, m.a. Eypór Einarsson/RML og Gunnar Þórarinnsson/fagráð sauðfjárræktar. Lífleg umræða varð um niðurstöðurnar. Að mati Þorsteins Ólafssonar dýralæknis, sem var líka á meðal hlustenda, væri æskilegt að raðgreina prionprótein alls geitastofnsins, helst samhliða öðrum eiginleikum. Gesine prófessor tók undir það. Þrátt fyrir litla stofnstærð býr stofninn yfir ótrúlega miklum fjölbreytileika varðandi liti, hornalag, líkamsstærð og byggingu. Það væri afar fróðlegt, einnig með tilliti til annarra geitakynja í heiminum, að rannsaka hann erfðafræðilega nánar.

Upptökur að fundinum eru aðgengilegar á netinu: www.tinyurl.com/geitaridufundur

Félagsmálin voru æði tímafrek eins og hið fyrra ár. Formaður reyndi að sækja sem flesta Teams fundi sem boðað er til af hálfu BÍ enda upplýsandi fundir. Varaformaður Guðni Á. Indriðason sótti aukabúnaðarþing í júní, þar sem samþykkt var sameining aðildafélaga. Gerður var verkskiptasamningur milli GFFÍ og BÍ, þar sem Hafrastöðinni er haldið utan við BÍ, hún verður áfram í umsjón og eign GFFÍ og einnig geitaafurðamerkið .

19.mars var rafrænn fundur með ráðherra og barst svar frá ráðuneytinu 19.maí.

Eitt af því sem lagt var fyrir var ósk félagsins um þróunarfjármuni líkt og í sauðfjárrækt og fleiri búgreinum, var sérstaklega horft til þess að varðveisla þessa einstaka geitakyns er í höndum okkar þjóðar. Í svari ráðuneytis kom fram að engir fjármunir væru hugsaðir í slíkt verkefni en bæri að skoða við endurskoðun búvörusamnings. Nú þegar GFFÍ er orðin deild í BÍ verða hæg heimatökin að fylgja þessu máli eftir og einnig þarf að huga að auknum framlögum til geitfjárræktar í búvörusamningum og til rannsóknann á erfðamenginu.

Anna María formaður og Jóhanna stjórnarmaður hittu Áshildi Bragadóttur á fundi 23.júní á Keldnaholti um menntunarmál og endurmenntun geitabænda. Stefnan tekin á að halda námskeið en af því hefur ekki orðið ennþá.

Stofnaður var Facebook hópur, Geitakjöt til sölu/goatmeat for sale til að reyna að tengja saman kjötsöluaðila og neytendur. Ekki höfum við upplýsingar hvort það hefur skilað einhverju. Aðalverkefni síðustu vikna hefur svo verið undirbúningur búgreinapings og fundir vegna þess. Það eru mörg verkefni sem þarf að vinna að í geitaræktinni, og væri ekki slæmt að fá fleiri hendur til að hægt sé að skipta verkum meira.

Sem dæmi má nefna, fræðsla og útgáfa á efni; bæði fræðsla um umhirðu og ræktun geita, fóðrun, og meðhöndlun, girðingar og hús, greining á litum og nöfn á litum, vinnsla á afurðum er reyndar komin vel af stað en kostnaður vegna uppbyggingar er mikill, rannsókn á erfðaeefni eins og fram kom hér að ofan,matreiðsla á geita og kiðakjöti, og eflaust má telja fleira.

Að lokum vil ég þakka þeim sem lagt hafa hönd á plóginn og öllum sem hliðhollir eru þessari einstöku skepnu. Nú stýttist í að kiðlingar fari að hoppa um og er fátt sem gleður meira að fylgjast með þeim á sínum skoppuleikum.

Fyrir hönd stjórnar

Anna María Flygenring.

3. Samþykktir GFFÍ, breytingartillaga

Tillaga að nýjum samþykktum var lögð fyrir félagið, í umræðum um málið kom fram skýr vilji fundarins að tryggja áframhaldandi frelsi áhugamanna um geitfjárrækt að félaginu þó hagsmunagæsla þess fyrir bændur færist alfarið til BÍ. Þar sem ekki náðist niðurstaða um orðalag var bókað að fundi skyldi frestað, stjórn vinni betur í tillögunum og boði til framhalds-fjarfundar innan 2-3 vikna til þess að klára málið fyrir Búnaðarþing. Umræður um lið 4. tillögu Sifjar Matthíasdóttur blönduðust saman við umræður um lið 3. og eru því ekki bókuð sérstaklega við lið 4.

4. Árgjald

Frestað til framhaldsaðalfundar

5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Frestað til framhaldsaðalfundar

6. Tillaga Sifjar Matthíasdóttur um Hollvinafélag GFFÍ

Umræður um lið 4. tillögu Sifjar Matthíasdóttur blönduðust saman við umræður um lið 3. og eru því ekki bókuð sérstaklega við lið 4 utan þess að umræðu um tillöguna er frestað til framhaldsaðalfundar.

7. Önnur mál

Jóhannes H Ríkharðsson spyr um sölu sæðis frá Hafrastöðinni á nýliðnu ári, Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir segist hafa nota 10 skammta, þar af héldu 5 huðnur. Sif Matthíasdóttir notaði 15 skammta og var einnig með um 50% árangur. Anna María Flygenring notaði 4 skammta án árangurs.

Guðni Indriðason segir að 50% hlutfall huðna sem haldi sé gott, hann fylgi norskum leiðbeiningum sem hann þýddi fyrir nokkrum árum. Samkvæmt þeim skal sæða hverja huðnu tvisvar með 12 klst. millibili.

Fundi frestað og liðir 3.-7. verða afgreiddir til fulls á framhaldsaðalfundi innan þriggja vikna.

Framhaldsaðalfundur GFFÍ 22.mars 2022

Dagskrá framhaldsaðalfundar 22. mars

3. Samþykktir GFFÍ
4. Árgjald
5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga
6. Tillaga Sifjar Matthíasdóttur um Hollvinafélag GFFÍ
7. Önnur mál

3. Samþykktir GFFÍ. Uppfærð tillaga að nýjum samþykktum félagsins var lögð fram af stjórn og kynnt af fundarstjóra.

Samþykkt samhljóða með örlitlum lagfæringum

4.Árgjald, kosið um fjórar tillögur

Árgjald félaga GFFÍ sem ekki eru jafnframt greiddandi félagar í búgreinadeild geitfjárræktar BÍ er ákvarðað 2.000 -kr. á ári. Einn fundarmanna sat hjá, aðrir greiddu atkvæði með tillögnum.

5.Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Þrjú aðalmenn fimm manna stjórnar eru þegar kjörnir samkvæmt nýjum samþykktum félagsins. Formaður Anna María Flygenring og meðstjórnendurnir Jóhanna B Þorvaldsdóttir og Helena Hólm. Að auki voru kjörin til stjórnarsetu Eydís Rós Eyglóardóttir og Brynjar Þór Vigfússon. Til varastjórnar voru Bettina Wunsch og Anna María Lind Geirsdóttir kjörnar. Stjórnarmenn eru allir kjörnir til eins árs í senn. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Magnús Kristjánsson og Vilhjálmur Grímsson.

6. Tillaga Sifjar Matthíasdóttur um Hollvinafélag GFFÍ

Hollvinafélag Geitfjárræktarfélags Íslands. Ég legg til að stofnuð verði deild í GFFÍ sem mætti kalla Hollvinafélag eða Hollvinadeild innan GFFÍ. (Samanber Bakverðir-Hollvinir Landsbjargar). Það er til að geta veitt þeim sem vilja styðja við íslensku geitina möguleika til þess, án þess að viðkomandi þurfi að ganga í Bændasamtök Íslands með tilheyrandi kostnaði. Þessir deild GFFÍ geta allir sem eru eða eru ekki bændur gengið í GFFÍ án þess að greiða gjöld til BÍ. Ég geri að tillögu minni að þessi deild rukkaði inn málamyndagjald sem mætti safna upp á reikningi GFFÍ og nota til að halda viðburði eins og **Dag Ísl. Geitarinnar**, eða aðra viðburði sem félaginu dettur í hug. Ég legg til að aðilar í deild B, hafi rétt sem áheyrnafulltrúar á aðalfundi GFFÍ og hafi tillögurétt á þeim fundum. Einnig hafi þeir rétt til að sitja stjórnarfundum deildar GFFÍ og hafi tillögurétt á þeim fundum.

Greinagerð með tillögu minni.

Félagsmenn í Bændasamtökunum greiða félagsgjöld. Til viðbótar eru greiddar 2.000 kr. í Velferðarsjóð Bændasamtaka Íslands með hverju félagsgjaldi.

a. Félagsgjald sbr. ofangreint geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem standa að búrekstri viðkomandi bús rétt til fullrar aðildar að BÍ án aukagjalds.

b. Ef aðrir/fleiri einstaklingar sem standa að búrekstrinum óska eftir því að gerast félagsmenn í BÍ með fullri aðild greiði þeir sama gjald og aukafélagar eða kr. 20.000 árlega fyrir hvern. Aðild þessi veitir ekki afslátt af virðisaukaskattskyldri þjónustu hjá BÍ.

c. Aukaaðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar, 18 ára og eldri, sem búsettir eru á Íslandi og styðja markmið samtakanna. Árgjaldið er kr. 20.000- Aukaaðild fylgir enginn atkvæðisréttur eða önnur félagsleg réttindi.

Í umræðum um tillöguna kom fram að megininnihald hennar hefur nú verið fellt inn í nýjar samþykktir félagsins. Tillaga um frávísun tillögunnar var samþykkt af öllum fundarmönnum utan eins sem sat hjá.

7.Önnur mál

Ólafur Dýrmundsson leggur til að bandarískir velunnarar íslenskar geitfjárræktar, hjónin JoAnn Myers og Wayne Myers verði útnefnd heiðursfélagar GFFÍ.

Karólína í Hvammshlíð er gestur fundarins, vegna umræðu um riðurannsóknir.

Hafliði Halldórsson ritari viku af fundi 21:18 og skilar því fundargerð án þess að heyra mál Karólínu og annað sem kann að hafa verið rætt síðar á fundinum.